



338 Hópsjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Grundvöllur váttryggingarsamnings og orðskýringar.

- 1.1 Skilmálar þessir gilda um hópsjúkdómatryggingu fyrir þá starfsmenn/félagsmenn sem tilgreindir eru í samningi váttryggingartaka og félagsins.
- 1.2 Grundvöllur váttryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á umsóknareyðublaðinu og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar, hafi ábyrgð félagsins fallið niður.
- 1.3 Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:
 - a. **félagið**, TM líftryggingar hf.,
 - b. **váttryggingartaki**, sá sem gerir hóp váttryggingarsamning við félagið um hópsjúkdómatryggingu,
 - c. **hópur**, þeir starfsmenn/félagsmenn váttryggingartaka sem eru fastráðnir og hafa verið að fullu vinnufærir og í starfi hjá váttryggingartaka í a.m.k. (að minnsta kosti) 3 mánuði fyrir gildistöku tryggingarinnar eða þeir sem aðild eiga að félagasamtökum þegar váttryggingartaki telst vera félagasamtök,
 - d. **váttryggður**, þeir starfsmenn váttryggingartaka eða aðilar að honum sem falla undir hópinn og hvers heilsu váttryggingin tekur til,
 - e. **váttryggingaratburður**, atvik sem skv. (samkvæmt) váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið,
 - f. **váttryggingarsamningur**, sá samningur sem í gildi er milli félagsins og váttryggingartaka um váttrygginguna,
 - g. **váttryggingarskírteini**, staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður,
 - h. **váttryggingarfjárhæð**, sú fjárhæð sem greidd er út við váttryggingaratburð.

2. Gildistími váttryggingarinnar, upphaf og lok ábyrgðar félagsins.

- 2.1 Ábyrgð félagsins gagnvart einstökum aðilum hefst þegar einstaklingur uppfyllir skilyrði til þátttöku í hópnum samkvæmt samningi váttryggingartaka og félagsins. Ábyrgð félagsins gagnvart þátttakanda lýkur sömuleiðis í lok þess almanaksmánaðar er skilyrði fyrir aðild eru ekki lengur fyrir hendi samkvæmt samningi.
- 2.2 Váttryggingin tekur ekki til einstaklings yngri en 18 ára og ábyrgð félagsins lýkur við lok þess almanaksmánaðar er þátttakandi varð 65 ára gamall.
- 2.3 Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. (málgreinar) fellur þátttakandi úr hópnum um leið og hann hefur orðið fyrir bótaskyldum váttryggingaratburði skv. 8. gr. (grein).
- 2.4 Váttryggingin fellur niður gagnvart öllum þátttakendum í hópnum, ef samningur félagsins og váttryggingartaka fellur niður.
- 2.5 Vilji váttryggingartaki segja váttryggingunni upp skal uppsögnin vera skrifleg. Vilji þátttakandi hætta þátttöku í hópnum áður en ábyrgð félagsins lýkur gagnvart honum sbr. 2. og 3. mgr. skal hann tilkynna það félaginu skriflega.
- 2.6 Falli váttryggingin úr gildi er verðmæti hennar ekkert.

3. Iðgjaldagreiðslur og áhrif þess sé iðgjald ekki greitt.

- 3.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 3.2 Iðgjald ákveðst skv. gildandi gjaldskrá á hverjum tíma og greiðir váttryggingartaki iðgjald fyrir alla hópfélaga. Í lok hvers tryggingarárs greiðir váttryggingartaki iðgjald fyrir hvern hópfélaga sem gengið hefur í hópinn á tryggingarárinu og reiknast iðgjaldið hlutfallslega fyrir það tímabil sem trygging hópfélagsins hefur verið í gildi. Jafnframt endurgreiðir félagið váttryggingartaka iðgjald fyrir hópfélaga sem gengið hafa úr hópnum á sama tímabili, og endurgreiðist iðgjaldið hlutfallslega fyrir þann tíma sem liðinn er frá því að hópfélagi gekk úr hópnum.
- 3.3 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 3.4 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 3. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.



338 Hópsjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 3.5 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 3.6 Falli váttrygging niður skv. 3. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 3.8 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

4. Framhaldstrygging.

- 4.1 Falli váttryggður úr hópnum af öðrum ástæðum en vegna aldurs eða hann hafi orðið fyrir bótaskyldum váttryggingaratburði eða verði hópváttryggingarasamningi slitið hefur hann rétt til að halda váttryggingunni með einstaklingsbundnum iðgjaldaútreikningi og almennum váttryggingarskilmálum félagsins án þess að veita nýjar heilsufarsupplýsingar. Skal viðkomandi tilkynnt með fullnægjandi hætti um rétt sinn til að halda váttryggingunni áfram. Vilji hann hagnýta sér réttinn skal hann gera það innan þriggja mánaða eftir að ábyrgð félagsins féll niður.

5. Svik og rangar upplýsingar.

- 5.1 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður við gerð váttryggingarsamnings eða endurnýjun sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið, fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. (samanber) 83. gr. laga nr. (númer) 30/2004 um váttryggingarsamninga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu enn fremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 84. gr. laganna.
- 5.2 Veiti sá sem hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi eins og nánar greinir í 120. gr. váttryggingarsamningalaga.

6. Þátttaka.

- 6.1 Um lágmarksfjölda og þátttökuhlutfall í hópnum gilda verklagsreglur félagsins. Fullnægi hópurinn ekki skilyrðum um lágmarksfjölda og þátttökuhlutfall við lok váttryggingarárs hefur félagið heimild til að fella samninginn úr gildi við lok næsta váttryggingarárs, sé skilyrðum þá ekki fullnægt.

7. Bótasvið, greiðslur bóta og vextir.

- 7.1 Félagið greiðir bætur ef staðfestur váttryggingaratburður á sér stað skv. 8. gr. skilmálanna. Bætur eru ekki greiddar til váttryggðs nema váttryggingaratburður sé staðfestur á þeim tíma sem hann er þátttakandi í hópnum. Eftir að váttryggður hefur fallið úr hópnum eða váttryggingin er úr gildi fallin er engin bótaskylda til staðar þó leiða megi líkum að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan váttryggður var í hópnum eða váttryggingin var í gildi.
- 7.2 Bætur eru ekki greiddar fyrr en íslenskur sérfræðingur í viðkomandi sérgrein hefur staðfest sjúkdómsgreininguna.
- 7.3 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta.
- 7.4 Rétt hafi bóta á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 123. gr. váttryggingarsamningalaga.

8. Váttryggingaratburður og skilgreiningar.

Váttryggingaratburður telst einungis verða, ef váttryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind hér á eftir.

8.1 Hjartaáfall/kransæðastífla (myocardial infarction)



338 Hópsjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Drep í hluta hjartavöðvans sem afleiðing ónógs blóðflæðis. Skilyrði er að þrjú eftirtalin atriði séu öll til staðar:

- dæmigerðir hjartakveisuverkir (brjóstverkir),
- nýjar breytingar á hjartalínuriti,
- hækkun á hjartaensímum.

Greiningin skal staðfest af sérfræðingi í hjartasjúkdómum.

8.2 Kransæðaskurðaðgerð (coronary bypass)

Vátryggður gengst undir opna hjartaskurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum þar sem æðagræðingur er tengdur framhjá þrengslum í einni eða fleiri kransæðum. Undir þetta falla ekki aðrar aðgerðir svo sem kransæðavíkkun eða blásning (angioplasty) eða aðgerðir með leysitækni (laser).

8.3 Hjartalokuaðgerð (heart valve and structural surgery)

Opin hjartaskurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum þar sem gerviloku er komið fyrir í stað einnar eða fleiri hjartaloku eða óeðlileg loka er lagfærð.

8.4 Skurðaðgerð á meginslagæð/ósæðaraðgerð (aorta surgery)

Vátryggður gengst undir skurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum til að laga þrengsli, rof eða æðargúlp (flysjugúlp) á meginslagæð (aorta) í brjóst- eða kviðarholi.

8.5 Heilaáfall/slag (stroke)

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi sem vara lengur en í sólarhing og felur í sér drep í heilavef, blæðingu eða blóðsega/blóðrek. Skilyrði er að einkenni varanlegra skemmda verði á miðtaugakerfi. Einkenni sem vara skemur en einn sólarhring eru undanskilin. Greiningin skal staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

8.6 Krabbamein (malignant tumor)

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Þetta á við um hvítblæði (annað en langvinnt eitilfrumuhvítblæði) en undanskilur:

- setbundið krabbamein, ekki ífarandi (cancer in situ) og forstigseinkenni krabbameins (pre-malignant cancers),
- æxli þegar alnæmi er til staðar (HIV),
- öll húðkrabbamein nema ífarandi illkynja sortuæxli (invasive malignant melanoma),
- totukrabbamein í blöðru (papillary cancer of the bladder),
1. stig Hodgkins sjúkdóms,
- forstigsbreytingar í leghálsi (cervical intraepithelial neoplasia).

Greining á illkynja krabbameini skal vera staðfest með vefjasýnum.

8.7 Góðkynja heilaæxli

Heilaæxil innan höfuðkúpunnar sem ekki eru illkynja. Undanskilið er:

- blöðrur (cysts),
- hnúðar (granulomas),
- æxli í heiladingli, mænu, heilahimnu (meningiomas), eða heilataugum t.d. (til dæmis) æxli í heyrnar- og jafnvægistaug (acoustic neurinoma),
- seilaræxli (chordomas),
- æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum,
- heilamar.

8.8 MS/Heila- og mænusigg (multiple sclerosis)

Heila- og mænusigg sem einkennist af viðvarandi skemmdum í taugakerfinu, niðurbroti á slíðri sem umlykur taugavef í taugakerfinu (afmýling). Greining á að MS sé til staðar þarf að vera ótvíræð þ.m.t. (þar með talið) með segulómun og framkvæmd af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Hinn tryggði verður að hafa einkenni um óeðlilega taugastarfsemi, sem staðið hafa samfellt í a.m.k. 6 mánuði, eða að tvö einkennandi köst hafi átt sér stað.

8.9 MND (motor neuron disease)



338 Hópsjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Hreyfitaugungahrönnun (MND) sem greind hefur verið af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

8.10 Meiriháttar líffæraflutningar

Vátryggður gengst undir uppskurð sem þegi á hjarta, lunga, lifur, briskirtli, nýra eða beinmerg.

8.11 Nýrnabilun (kidney failure)

Lokastig nýrnabilunar sem einkennist af langvinnri varanlegri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir annað hvort til reglubundinnar blóðskilunar (renal dialysis), himnuskilunar (peritoneal dialysis) eða að nýrnaflutningur (renal transplantation) er framkvæmdur.

8.12 Alzheimersjúkdómur

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Alzheimersjúkdómnum, fyrir sextíu ára afmælisdag vátryggðs með viðeigandi rannsóknum, athugunum og mati á sjúkdómseinkennum. Sjúkdómurinn leiðir til þess að vátryggður þarfnast stöðugs eftirlits og aðstoðar við athafnir daglegs lífs.

8.13 Parkinsonsveiki

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Parkinsonsveiki af óþekktum uppruna, fyrir sextíu ára afmælisdag vátryggðs. Vátryggingin nær eingöngu til Parkinsonsveiki af óþekktum ástæðum (idiopathic). Allar aðrar tegundur Parkinsonsveiki eru undanskildar.

8.14 Alvarlegt brunasár

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama vátryggðs, staðfest af sérfræðingi með víðtæka reynslu í meðferð brunasára.

8.15 Útlimamissir

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlima ofan úlnliðs eða ökkliðs vegna slyss eða sjúkdóms.

8.16 Blinda

Alger, varanlegur og óbætanlegur missir sjónar á báðum augum, staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.

9. Takmarkanir á bótaskyldu.

- 9.1 Sjúkdómar, aðgerðir og önnur tilvik, sem ekki eru talin upp sem bótaskyld í 8. gr., eru ekki bótaskyld skv. vátryggingu þessari.
- 9.2 Bætur greiðast ekki vegna krabbameins sem greinist hjá vátryggðum á fyrstu þremur mánuðum eftir að þátttaka hans í hópnum hófst eða eftir að vátrygging hefur verið endurvakin.
- 9.3 Bætur úr vátryggingu þessari greiðast vátryggðum vegna hans sjálfs aðeins einu sinni.
- 9.4 Skilyrði fyrir bótaskyldu er að vátryggður lifi a.m.k. í þrjátíu daga frá því að vátryggingaratburður var staðfestur.
- 9.5 Ef vátryggður hefur fyrir aðild að hópnum verið greindur með sjúkdóm, gengist undir aðgerð, eða fengið meðhöndlun við sjúkdómi sem leiðir til bótaskylds atburðar skv. 8. gr., tekur vátryggingarverndin ekki til þess vátryggingaratburðar og er félagið laust úr ábyrgð.
- 9.6 Ef vátryggður hefur áður orðið fyrir einhverjum þeim atburði sem skilgreindir eru í 8. grein skilmála þessara, tekur vátryggingarverndin ekki til þess atburðar. Ef um er að ræða 8.1 (hjartaáfall/kransæðastífla) eða 8.2 (kransæðaskurðaðgerð), tekur vátryggingarverndin hvorki til vátryggingaratburðar 8.1 eða 8.2.
- 9.7 Það er skilyrði fyrir bótaskyldu úr sjúkdómatryggingunni að vátryggingaratburðurinn verði á þeim tíma sem vátryggður var aðili að hópnum. Ekki skiptir máli hvenær hann fékk vitneskju um greininguna.
- 9.8 Réttur til bóta úr hópsjúkdómatryggingunni fellur niður við andlát vátryggðs hafi hann ekki áður gert skriflega kröfu um bætur og uppfyllt á þeim tíma skilyrði fyrir bótagreiðslu skv. skilmálum þessum.

10. Réttthafi vátryggingarfjárhæðar.

- 10.1 Réttthafi bóta úr vátryggingu þessari er vátryggður.

11. Skyldur vátryggðs við tjónsatburð.



338 Hópsjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 11.1 Verði tjón sem talið er að váttryggingarskilmálar þessir taki til, skal tilkynna það félaginu án ástæðulauss dráttar og, ef félagið metur þörf á, mæta til skoðunar hjá þeim lækni sem félagið tilnefnir.
- 11.2 Réttthafi glatar rétti til bóta úr váttryggingunni ef ekki er gerð krafa um bætur með sannanlegum hætti til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

12. Réttur til upplýsingaöflunar.

- 12.1 Við tilkynningu um bótaskyldan atburð er félaginu og endurtryggjendum þess heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga frá læknum, stofnunum og sjúkrahúsum um heilsufar og sjúkrasögu váttryggðs, þ.m.t. afrits sjúkraskrár, til þess að meta bótaskyldu félagsins.

13. Breyting váttryggingarfjárhæða og iðgjalds.

- 3.1 Gildandi váttryggingarfjárhæð, sem er ákveðin samkvæmt samningi milli váttryggingartaka og félagsins, kemur fram á váttryggingarskírteininu og endurnýjunarkvittunum. Iðgjald breytist í samræmi við iðgjaldatöflu félagsins einu sinni á ári, við upphaf fyrsta dags hvers váttryggingarárs. Upphafsdagur váttryggingarárs er skráður á iðgjaldskvittun.

14. Breytingar á grundvelli váttryggingarinnar.

- 14.1 Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldaskrá ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur váttryggingarinnar reynast aðrar en áætlað var í tæknilegum grundvelli váttryggingarinnar. Slíkar breytingar eru háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins.

15. Fyrning.

- 15.1. Kröfur sem rísa af váttryggingarsamningum fyrnast á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er kröfuhafi fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Kröfur vegna váttryggingarinnar fyrnast þó í síðasta lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburðurinn varð.
- 15.2 Aðrar kröfur sem tengjast váttryggingarsamningi, svo sem krafa um iðgjald, fyrnast eftir hinum almennum reglum laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905.

16. Þagnarskylda.

- 16.1 Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar um sjúkdómatrygginguna sem trúnaðarmál.

17. Lög um váttryggingarsamninga.

- 17.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

18. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 18.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum skv. íslenskum lögum.
- 18.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 18.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 18.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skilmálar þessir gilda frá 2. júlí 2014.